

Þátttökuaðlögun í leikskólanum Austurkór

Markmið þátttökuaðlögunar er að skapa öruggan og traustan grunn fyrir barnið í leikskólastarfi þar sem vellíðan, öryggi og jákvæð samskipti eru í fyrirrúmi. Aðlögunin byggir á **virtri þátttöku foreldra í leikskólastarfinu** þá daga sem hún stendur yfir. Foreldrar dvelja með barni sínu í leikskólanum og taka þátt í daglegu starfi deildarinnar. Þannig fá þeir kjörið tækifæri til að kynnst starfi og starfsfólki Austurkórs, dagsskipulagi leikskólans og leiknum og þeirri faglegu nálgun sem lögð er til grundvallar í starfinu.

Þessi þátttaka eykur öryggi og traust foreldra gagnvart leikskólanum og sú tilfinning smitast yfir til barnanna. Með þessu er stuðlað að farsælu samstarfi heimilis og leikskóla og vellíðan barnsins sett í fyrsta sæti. Foreldrar kynnst einnig öðrum foreldrum í svipuðum aðstæðum og oft myndast tengsl og venskapur sem styrkir samfélagið innan leikskólans.

Framkvæmd þátttökuaðlögunar

Í þátttökuaðlögun eru báðir foreldrar hvattir til að koma fyrsta daginn. Næstu daga á eftir dvelur annað foreldrið með barninu og geta foreldrar skipt þeim dögum á milli sín. Foreldrið er þá með barninu inni á deild allan tímann nema á hvíldartíma. Foreldrar sinna daglegum þörfum barnsins svo sem að gefa því að borða, skipta á því og leika með því á meðan starfsfólk leikskólans skipuleggur daginn, tekur þátt í leik og starfi og kynnist barninu og lærir af foreldrum um þarfir þess.

Dagur 1

Frá kl: 09:00 -11:00

Barn og foreldri koma í fyrstu heimsókn. Deildastjóri tekur á móti ykkur og kynnis starfsfólk deildarinnar og væntanlega samnemendur. Deildin og skólinn er skoðaður sem og útisvæði. Foreldrar eru með barninu allan tímann og taka þátt í starfinu.

Dagur 2

Frá kl: 09:00 -12:00

Foreldrar eru með barninu allan tímann og taka þátt í starfinu, borða með þeim hádegismat og fara heim fyrir hvíld.

Dagur 3

Frá kl: 09:00 - 13:00/14:00

Foreldrar eru með barninu allan tímann og taka þátt í starfinu og borða með þeim hádegismat. Foreldrar bíða inni á kaffistofu meðan hvíldin er. Farið er heim fyrir nónhressingu.

Dagur 4

Frá kl: 08:30 -15:00

Foreldrar eru með barninu allan tímann og taka þátt í starfinu og borða með þeim hádegismat. Foreldrar bíða inni á kaffistofu meðan hvíldin er. Foreldrar koma svo aftur inn á deild og borða svo með börnunum nónhressingu og fara svo heim.

Dagur 5

Frá kl: Mætir samkvæmt vistunartíma - 15:00

Foreldrar eru með barninu allan tímann og taka þátt í starfinu og borða með þeim hádegismat. Foreldrar bíða inni á kaffistofu meðan hvíldin er. Foreldrar koma svo aftur inn á deild og borða svo með börnunum nónhressingu og fara svo heim.

Við hvetjum foreldra til þess að vera dugleg að spyrja deildastjóra og starfsmenn deildarinnar út í starfið en þau eru til staðar til að veita upplýsingar, kynna stefnu leikskólans, dagsskipulagið, námsumhverfið og þann efnivið sem notaður er í daglegu starfi.

Skipulag aðlögunar

Reynsla leikskólans sýnir að frídagar og helgar geta rofið aðlögunarferlið. Því hefur reynst best að hefja aðlögun **á þriðjudegi** með fimmta dag aðlögunar á mánudegi. Þannig nýtist það sem eftir er vikunnar til að kynnast og mynda tengsl milli barnanna og kennara.

Með vandaðri þátttökuaðlögun er lagður sterkur hornsteinn að öryggi, vellíðan og jákvæðri leikskólagöngu barnsins ásamt traustu og farsælu samstarfi heimilis og leikskóla.